

Leikskólinn Tröllaborg
Skólagötu 4
565 Hofsósi
og Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkróki

Leikskólinn Tröllaborg



Öryggishandbók

Janúar 2022

Ábyrgð: Jóhanna Sveinbj. Traustadóttir leikskólastjóri og öryggisvörður og Ásrún Leósdóttir öryggistrúnaðarmaður.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður	3
Öryggi og heilbrigði á vinnustað	4
Áætlun um fræðslu starfsmanna um öryggismál	4
Vinnuslys	5
Vinnuálag og vinnuaðstæður – líkamlegir þættir	5
Vinnuálag og vinnuaðstæður – félagslegir þættir	5
Hlutverk stjórnanda	7
Vinnuálag og vinnuaðstæður – efnislegir þættir	8
Ýmsar áætlanir	9
Áfallaáætlun	9
Rýmingaráætlun vegna eldsvoða.....	9
Viðbrögð við jarðskjálfa	9
Jafnréttisáætlun Tröllaborgar	9
Áætlun gegn einelti, áreitni í starfsmannahópnum eða annarrar ótilhlýðilegar hegðunar.....	10
Innivistaráætlun.....	10
Áhrifaþættir innandyra	10
Áhrifaþættir utandyra	11
Viðbrögð stjórnanda	11
Forvarnir og fræðsla.....	12
Viðbragðsáætlun vegna innflúensu	12
Viðbrögð stjórnanda	12
Lokaorð	13

Leikskólinn Tröllaborg er staðsettur á Hofsósi og á Hólum í Hjaltadal. Á báðum starfsstöðum er leikskólinn í sama húsnæði og Grunnskólinn austan Vatna.

Inngangur

Öryggishandbók leikskólans Tröllaborgar tekur á þáttum í starfsumhverfi leikskólans sem snúa að öryggi og heilsu starfsmanna sbr. lög nr. 46/1980, reglugerð nr. 920/2006, reglugerð 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Öryggishandbókin fjallar um vinnuverndarstarf, vinnuaðstæður og félagslega þætti, efnislega þætti, líkamsbeitingu og annað það er máli skiptir varðandi vinnuvernd starfsfólks. Í henni eru upplýsingar um öryggismál, viðbragðsáætlanir við áföllum og gegn ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni á vinnustað og jafnréttisáætlun.

Handbók þessi gildir fyrir allt starfsfólk leikskólans Tröllaborgar og gildir um öll vinnutengd störf s.s. á ráðstefnum, námskeiðum, fyrirlestrum, ferðalögum, starfsmannaferðum og öðrum félagslegum samkomum sem tengjast starfi/vinnustað. Með hliðsjón af tilkynningarskyldu er starfsfólk sem upplifir einelti eða aðra óæskilega hegðun hvatt til að tilkynna slíkt til næsta yfirmanns; deildarstjóra eða leikskólastjóra ásamt öryggistrúnaðarmanni. Starfsfólk sem með framkomu sinni, orðum, viðmóti eða atferli beitir samstarfsfélaga sinn/sína eða aðra ofbeldi, hvort sem um er að ræða einstakt tilvik eða ítrekað, telst brjóta grundvallarreglur samskipta. Slík hegðun getur leitt til áminningar, tilfærslu á starfi eða eftir atvikum brottvikningar.

Mikilvægt er að öryggishandbókin sé kynnt starfsfólki reglulega. Hvetja skal jafnframt til opinskárra umræðna og veita almenna fræðslu um ýmiskonar ofbeldi. Handbókin er birt á heimasíðu leikskólans, [sjá hér](#).

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður

Skv. lögum 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuþáttum og öryggi á vinnustað þar sem eru 1 til 9 starfsmenn. Ef starfsmenn eru 10 eða fleiri skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu og starfsfólk tilnefnda öryggistrúnaðarmann úr sínum hópi.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að koma vinnuverndarstarfi sem tekur til fyrirtækisins í heild og allra vinnuaðstæðna sem geta haft áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna.

Öryggistrúnaðarmaður: Ásrún Leósdóttir (deildarstjóri Barnaborgar á Hofsósi).

Öryggisvörður: Jóhanna Sveinbj. Traustadóttir (leikskólastjóri).

Öryggi og heilbrigði á vinnustað

Til að tryggja öryggi og aðbúnað starfsmanna á vinnustað, koma í veg fyrir óviðeigandi hegðun og auka líkur á ánægju í starfi, ber að framkvæma reglulegt áhættumat á vinnustöðum. Áhættumat getur gefið svar við:

- Hvað getur farið úrskeiðis?
- Hvernig getum við komið í veg fyrir að það fari úrskeiðis?
- Hvað getum við gert til að minnka afleiðingar, ef eitthvað fer úrskeiðis?

Áhættumat skal byggjast á öllum tiltækum upplýsingum um öryggi og aðbúnað á vinnustaðnum. Tilgangur áhættumats er m.a. að greina áhættuþætti er varða:

- Andlega og félagslega heilsu starfsmanna.
- Vinnuálag og vinnuaðstæður er snúa að líkamlegri heilsu starfsmanna.
- Fjölda, aldur, kynjahlutfall, ólíkan menningarlegan bakgrunn starfsfólks.
- Vinnuálag.
- Samskipti.

Áætlun um fræðslu starfsmanna um öryggismál

Á starfsmannafundi í ágúst er öryggisáætlun kynnt starfsfólki. Farið er yfir rýmingaráætlun beggja starfsstöðva, viðbragðsáætlun við áföllum, gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og jafréttisáætlun.

Á starfsmannafundi í september er farið yfir óveðursáætlun Tröllaborgar.

Á deildarfundum að hausti er farið yfir rýmingaráætlun beggja starfsstöðva.

Skyndahjálparnámskeið er haldið á tveggja ára fresti fyrir allt starfsfólk, næst skólaárið 2023-2024.

Á starfsmannafundi í maí verður farið yfir öryggisáætlanir Tröllaborgar og kallað eftir hvort og hvað megi breyta í áætlununum.

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður (leikskólastjóri) funda í lok hvers leikskólaárs og fara yfir áætlanir og skipuleggja fræðslu fyrir starfsmenn á næsta leikskólaári.

Vinnuslys

Mikilvægt er að starfsmaður upplýsi leikskólastjóra um vinnuslys eins fljótt og auðið er. Vinnuslys þar sem starfsmaður er frá í einn dag eða meira eru skráð og tilkynnt rafrænt til Vinnueftirlits í gegnum slysaskráningarkerfi VÍS. Starfsmaður þarf að útvega sér áverkavottorð eða veikindavottorð eftir því sem við á. Vinnustaðurinn greiðir fyrstu heimsókn á slysadeild sem annað hvort er sett í reikning hjá Sveitarfélaginu Skagafirði eða starfsmaður greiðir, fær kvittun sem fer síðan í endurgreiðsluferil. Starfsmaður greiðir kostnað eftir fyrstu heimsókn en þarf að geyma kvittanir og getur fengið þær endurgreiddar hjá Sjúkratryggingum Íslands ef slysið flokkast sem vinnuslys.

Vinnuálag og vinnuaðstæður – líkamlegir þættir

Álag á hreyfi- og stoðkerfi verða við kyrrsetuvinnu og vinnu með börnum inn á deild og úti á leiksvæði. Tölvuvinna getur bæði verið líkamleg og andlega erfið. Til að draga úr líkum á álagseinkennum vegna tölvuvinnu er mikilvægt að stuðla að góðu vinnuumhverfi, hentugum búnaði og húsgögnum, góðum vinnustellingum og ekki síst fjölbreyttum verkefnum og góðum starfsanda. Hæðarstillanleg borð eru inn á skrifstofu leikskólastjóra og inn í undirbúningsherbergi starfsfólks og geta því starfsmenn valið hvort þeir sitja eða standa við vinnu sína. Til eru borð með hjólum til að flytja þunga hluti á milli staða. Á báðum deildum eru kollar á hjólum (með baki) sem starfsmenn geta setið á og rúllað á milli borða eftir þörfum eða nýtt í fataklefanum.

Á Hofsósi er skiptiborð hæðarstillt. Á Hólum er skiptiborðið ekki hæðarstillt og þarf að bæta úr því.

Forvarnir

- Fræðsla um líkamsbeitingu hjá iðju- og/eða sjúkraþjálfara fyrir allt starfsfólk á tveggja ára fresti, næst veturinn 2022-2023.
- Kaupa hæðarstillt skiptiborð á Hólum og láta skipta út.

Vinnuálag og vinnuaðstæður – félagslegir þættir

Félagslegir og andlegir vinnuverndarþættir (samskipti, upplýsingaflæði og mannekla) eru mikilvægir þættir á vinnustað.

Samskipti og upplýsingaflæði á að vera gott og sýnilegt. Leikskólastjóri sendir vikulegan starfsmannapóst til alls starfsfólks með helstu upplýsingum um starfið, hvað er framundan og slíkt. Deildarstjórar og leikskólastjóri þyrftu að funda reglulega til að geta rætt þar málefni sem upp koma á deildum. Leikskólastjóri getur leitað til fræðslustjóra með þau áhyggjuefni sem ekki er hægt að leysa innan húss. Deildarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði (8 talsins) yfir skólaárið og starfsmannafundir líka. Á þessum fundum gefst gott tækifæri til að ræða saman og miðla upplýsingum eftir þörfum.

Meta þarf hverju sinni hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar ef starfsfólk þarf að bregða sér frá. Mikilvægt er að annað starfsfólk sé látið vita ef starfsmaður þarf að bregða sér frá.

Yfirvinna er tilviljanakennd þar sem hún kemur til vegna fjarveru annars starfsfólks. Tryggja þarf að starfsfólk sé meðvitað um að það hefur fullt leyfi til að hafna tilfallandi yfirvinnu en annars er greitt fyrir hana skv. kjarasamningi.

Starfsfólk fær verkefni í samræmi við starf sitt. Allt starfsfólk fær starfslýsingar þegar það ræður sig til vinnu og fer leikskólastjóri yfir hana áður en skrifað er undir.

Starfsmannasamtöl eru a.m.k. einu sinni á skólaárinu og undirbýr leikskólastjóri þau með því að tilkynna starfsfólki með góðum fyrirvara a.m.k. með tveggja vikna fyrirvara um að starfsmannasamtöl eru væntanleg. Leikskólastjóri sendir viðtalsramma með tilkynningunni svo starfsfólk geti undirbúið sig fyrir viðtölin.

Drög að leiðbeinandi verklagi í Tröllaborg vegna manneklu í leikskólanum

- Undirmönnun telst þegar barnafjöldi á hvern starfsmann fer yfir 8 barngildi. Hversu alvarleg undirmönnunin er ræðst m.a. af hversu margir starfsmenn eru miðað við barnafjölda og hversu langan tíma er unnið á lágmarksfjölda starfsmanna.
- Starfsmenn eiga aldrei að vera einir með barnahóp í húsi. Alltaf skulu vera tveir með barnahóp þó fámennt sé til að tryggja öryggi allra barna.
- Komi til undirmönnunar vegna mikilla forfalla starfsfólk vegna veðurs, veikinda eða af annarri ástæðu, þá reyna stjórnendur (leikskólastjóri og deildarstjóri) allar leiðir til að halda starfsemi leikskólans gangandi með aðgerðum sem listaðar eru í verklagsreglum.

- Ávallt skal skoða hlutfall starfsmanna og þeirra barna sem mætt eru í leikskólann hverju sinni áður en metið er hvort einfalda þurfi starfsemi leikskólans eða skerða dvalartíma barna. Stjórnendur leikskólans leggja til með hvaða hætti skerðingin og einföldunin verði.

Við einföldum á starfsemi skal litið til eftirfarandi háttá:

- Starfsfólk lengir vinnudaginn og fær borgaða yfirvinnu fyrir það.
- Frestun á undirbúningi leikskólakennara, undirbúningur er þá færður til eða borgaður í yfirvinnu ef ekki er hægt að taka hann innan vinnutíma.
- Frestun á mannfrekari starfsemi eins og hópstarfi, útikennslu, samstarfi við grunnskólann og fleira.
- Útivera aukin ef veður leyfir.
- Börnum leyft að horfa á bíó inn á deild.
- Frestun á stuðningsúrræðum við deild.
- Frestað að taka inn ný börn eða aðlaga milli deilda.

Purfi að skerða dvalartíma barna skal litið til eftirfarandi þátta:

- Reynt að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þó áskilur leikskólinn sér þann rétt að grípa til fyrirvaralausrar skerðingar vegna óviðráðanlegrar undirmönnunar.
- Reynt verður að dreifa skerðingunni eins og kostur er. Tryggt sé að öll börn verði fyrir skerðingu einu sinni áður en skerðing kemur til framkvæmda að öðru sinni.
- Purfi að skerða dvalartíma barna, skal fara eftir fyrirfram ákveðnum verkferlum. Miðað er við 8 barngildi á hvern starfsmann.
- Komi til skerðingar skulu systkini vera heima á sama tíma.
- Til að koma í veg fyrir frekari skerðinu á þjónustu leikskólans Tröllaborgar, eru börn starfsmanna ekki send heim.
- Skerðing getur verið fólgin í því að börn séu heima, ýmist hluta úr degi (sótt fyrr eða koma seinna) eða allan daginn.
- Purfi að grípa til skerðingar á dvalartíma, verði dagvistunargjald fyrir þann tíma endurgreitt.

Hlutverk stjórnanda

- Leikskólastjóri festi ákveðna tíma fyrir deildastjórafundi.

- Verklagsreglur vegna manneklu verði unnin til fullnustu, lögð fyrir alla og birt á heimasíðu.
- Leikskólastjóri sé meðvitaður um að fyrirbyggja óhóflegt álag á starfsfólki og grípi tímalega inn í ef aðstæður verði þannig.

Vinnuálag og vinnuaðstæður – efnislegir þættir

Viðbragðsáætlanir við neyðarástandi m.a. vegna eldsvoða, jarðskjálfta og farsóttar eru til staðar í öryggishandbók og á heimasíðu Tröllaborgar. Leikskólinn er starfsræktur í tveimur byggðarlögum og eru byggingar á einni hæð.

Á Hofsósi er leikskólinn í nýju húsnæði þar sem aðgengi er mjög gott. Húsnæðið er með góða hljóðvist, lýsingu og slíkt. Aðgengi að húsnæðinu er óklárað en verður klárað í sumar (2022). Leikskólalóðin er næstum klár og verður kláruð í sumar (2022).

Á Hólum er húsnæðið í eldri byggingu og er aðgengi inn í húsið slæmt m.a. þar sem ekki er hægt að koma inn hjólastól vegna háa þröskulda og ósléttis yfirborð úti. Leikskólalóðin er óslétt og er nokkur hættu á að reka tær í og falla. Farið verður í endurbætur á lóðinni á þessu ári (2022) og er sú vinna hafin.

Á báðum stöðum er snjóbræðsla í stétt ótengt og því safnast snjór og hálka á stéttum. Utanaðkomandi aðili sér um mokstur á bílastæði og söndun á lóðinni. Starfsfólk þarf sjálft að moka snjó frá bílastæði og sjá um að sanda þá leið þegar það kemur til vinnu. Starfsfólk hefur fengið mannbrodna til notkunar þegar unnið er úti. Ef ástand skapast þannig að hættu stafar af snjóhengjum á skólabyggingunum er brugðist við því.

Þar sem því verður við komið ættu gönguleiðir að leikskólabyggingum að vera háلكuvarðar t.d. með hita undir gangstéttum/göngustígum. Ef ekki er hiti undir gangstéttum/göngustígum er mikilvægt að rekstraraðili leikskóla sjái til þess að leysa þann vanda með söltun eða sandburði. Æskilegt er að rekstraraðili geri leiðbeiningar um háلكuvarnir í samvinnu við leikskólastjóra. Ganga þarf úr skugga um að þær séu virkar. Bílastæði geta oft verið mjög hál, því er mikilvægt að gerðar séu sambærilegar ráðstafanir varðandi þær.

Áhöld fyrir þrif eru til staðar og ræstingavagnar á báðum starfsstöðvum.

Á Hofsósi eru klemmuvarnir á öllum innihurðum. Engar klemmuvarnir eru á innihurðum á Hólum. Pumpa er á eldvarnarhurðum í báðum byggingum.

Starfsmenn hafa aðstöðu í forstofu til að hengja upp en þar er líka læst munahólf sem starfsmenn fá. Starfsmannasnyrtingar eru ein í hvorri byggingu. Þurrkaðstaða fyrir útiföt eru snagar í anddyri.

Smitleiðir eru ansi margar í leikskólunum en besta leiðin til að minnka tíðni smita er handþvottur og halda ræstingum góðum m.a. með sótthreinsun á snertiflötum. Handspritt er víða aðgengilegt um leikskólahúsnæðin.

Ýmsar áætlanir

Áfallaáætlun

Leikskólastjóri fær staðfestingu hjá foreldrum, ættingjum, lögreglu eða sjúkrastofnun á því sem gerst hefur. Þar sem leikskólinn er rekinn á tveimur stöðum þá kallar leikskólastjóri deildarstjóra á viðkomandi deild á fund þar sem fyrstu viðbrögð leikskólans eru ákveðin. Athugið að bera verður allar ráðagerðir leikskólans undir aðstandendur til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi. Áfallaáætlun Tröllaborgar er að finna á heimasíðu Tröllaborgar [hér](#).

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

Rýmingaráætlanir vegna eldsvoða eru til fyrir Hofsós og Hóla. Þær eru kynntar starfsfólki árlega og rýmingaræfing gerð á hverri önn. Rýmingaráætlun fyrir nýju leikskólabygginguna á Hofsósi er í yfirlestri hjá Slökkviliðinu. Þá verður hún kynnt fyrir starfsfólki, prófuð og sett á heimasíðuna.

[Hér](#) má sjá rýmingaráætlun fyrir Tröllaborg á Hólum (gömul áætlun, hlutverk starfsmanna eins í nýrri áætlun).

[Hér](#) má sjá rýmingaráætlun fyrir Tröllaborg á Hofsósi.

Viðbrögð við jarðskjálfa

Eftirfarandi leiðbeiningar eru unnar eftir viðbrögðum Almannavarna við jarðskjálfta og er að finna á heimasíðu Tröllaborgar, [sjá hér](#).

Jafnréttisáætlun Tröllaborgar

Jafnréttisáætlun Tröllaborgar á við börn, foreldra og starfsfólk leikskólanna. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig tekur hún mið af Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar, aðgerðaráætlun í jafnréttismálum 2019-2023 og auk þess tekur hún til

annarra skilgreindra hópa sbr. jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar 65 gr. laga nr. 33/1944. Jafnréttisáætlunina má sjá á heimasíðu Tröllaborgar, sjá [hér](#).

[Áætlun gegn einelti, áreitni í starfsmannahópnum eða annarrar ótilhlýðilegar hegðunar](#)

Allt starfsfólk Tröllaborgar á rétt á að komið sé fram við það af virðingu og umhyggju. Sveitarfélagið Skagafjörður og þar með talið leikskólinn Tröllaborg tekur skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Slík hegðun er ekki liðin í Tröllaborg undir neinum kringumstæðum og getur leitt til áminningar og eftir atvikum starfsmisssis. Meðvirkni starfsmanna í slíkum tilvikum er jafnframt óásættanleg. Stefna og viðbragðsáætlun þessi gildir fyrir alla starfsmenn Tröllaborgar, hvort sem vinna þeirra fer fram í húsnæði sveitarfélagsins eða annars staðar. Jafnframt gildir hún um öll vinnutengd störf s.s. á ráðstefnum, námskeiðum, ferðalögum og öðrum félagslegum samkomum sem tengjast vinnustaðnum. Starfsfólk skal sýna umhyggju, virðingu og jákvæðni og hafa framsækni að leiðarljósi í daglegu starfi og sýna siðferðilega ábyrgð í samskiptum við samstarfsfólk. Allt starfsfólk skal taka þátt í að skapa jákvætt vinnuumhverfi sem stuðlar á vellíðan og er laust við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur gefið út *stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni* og vinnur Tröllaborg eftir henni. Stefnuna og viðbragðsáætlunina má finna [hér](#).

[Innivistaráætlun](#)

Innivistaráætlun snýr að forvörnum og viðbrögðum við m.a. rakaöryggi vinnustaðarins, hljóðvist og lýsingu. Afleiðingar þess að rakaástand fari yfir öryggismörk geta t.d. verið fúi í timbri, örveru/mygluvöxtur í byggingarefnum, froskemmdir, tæring málma, aukin útgufun frá byggingarefnum, aukin varmaleiðni í einangrandi byggingarefnum, rakabólgur og neikvæð áhrif á loftgæði og heilsu.

[Áhrifaþættir innandyra](#)

Loftgæði. Hiti um 18°-22°C. Koma í veg fyrir dragsúg og kulda. Hæfilegt rakastig 30-150% Loftskipti í samræmi við þarfir, rekst og upphitað loft með jafnri dreifingu. Opna glugga daglega til að fá loftskipti í rými. Hávaði í loftræstikerfi í lágmarki, reglubundið viðhald og skrá í þjónustubók. Sólarfefjandi filmur í gluggum til að draga úr hitaálagi.

Hljóðvist og raddvernd. Koma í veg fyrir myndun hávaða með þar til gerðum ráðstöfunum: hljóðdempandi undirlag á borðum, filtappar á stól- og borðfótum, lyfta upp hlutum í stað þess að draga eftir gólfi. Mælingar á hljóðvist reglulega. Starfsmann

eiga rétt á heyrnarmælingu ef hávaði fer yfir neðri viðbragðsmörk og ef áhættumat gefur til kynna að heilsu þeirra og öryggi sé hættu búin. Með góðum forvörnum er hægt að draga úr álagi á raddböndum starfsfólks m.t.t. að koma í veg fyrir myndum hávaða og góðum loftgæðum.

Lýsing: Birtumagn í samræmi við birtukröfur leikskólans. Hæfileg lýsing í hverju rými. Við krefjandi aðstæður skal lýsing aukin eftir þörfum.

Rými: Þarf að vera heilt og óskemmt. Stærð rýmis geri ráð fyrir að starfsmenn hafi sitt rými á vinnustaðnum (með börnum og í undirbúningsvinnu) skv. reglugerðum.

Áhrifaþættir utandyra

Lýsing. Í kringum leikskóla og á öllum leiðum að leikskóla, hvort heldur er frá bílastæði, gönguleið eða hjólastígum þarf lýsing að vera jöfn, heildstæð og kröftug en ekki blindandi. Lýsing þarf að taka mið af öllum notendum. Samkvæmt [umferðarlögum nr. 50/1987](#) skal birta á umferðarleiðum bygginga og lóða vera nægjanleg til að allir aldurshópar geti athafnað sig óhindrað og af fullu öryggi. Þar sem gert er ráð fyrir umgengni almennings ætti að taka tillit til heildaráhrifa þannig að tryggt sé að hvergi verði staðbundin, ófullnægjandi birtuskilyrði sem skapað geta slysaþættu. Mikilvægt er að skipta um bilaðar perur strax og lagfæra ljós sem hafa bilað.

Útisvæði: Göngustígar og gangstéttir eiga að vera með slétt yfirborð. Ef meira en 2 sm mishæð er til staðar er hættu á falli. Ef hættulegar misfellur eru komnar í gangstéttir eða göngustíga er mikilvægt að það sé lagað sem fyrst. Niðurföll á göngustígum/gangstéttum eiga að vera í sömu hæð og göngustígurinn/gangstéttin, í lagi og hreinsuð reglulega til að koma í veg fyrir vatnstjón í byggingum og hálkumyndun að vetrarlagi með viðeigandi loki sem snýr rétt.

Viðbrögð stjórnanda

Leikskólastjóri á að taka við athugasemdum frá starfsfólki vegna rakavandamála á vinnustaðnum. Hann lætur sinn yfirmann vita ásamt Eignarsjóði sem rekur húsnæðið. Leikskólastjóri lætur heilbrigðiseftirlit vita og kallar eftir rannsókn á hvort og/eða hversu mikinn raka er að finna og gerir áætlun um næstu skref. Mikilvægt er að leikskólastjóri hlusti á starfsfólk sitt og haldi því upplýstu um gang mála.

Sveitarfélagið Skagafjörður ber ábyrgð á húsnæðinu.

Forvarnir og fræðsla

Leikskólastjóri skipuleggur reglulega fræðslu um innivist m.a. opna glugga daglega í rýmum, tilgangi loftræstingar og hitastýringar á ofnum og gólfhita, mikilvægi rétttrar lýsingar, draga úr hávaða með því að nota hljóðdempandi efni á borð, filttappa á borð- og stólfætur, hljóðdempandi plötur í lofti.

Viðbragðsáætlun vegna innflúensu

Viðbragðsáætlun vegna innflúensu segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í leikskólanum Tröllaborg í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu innflúensu. Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til innflúensufaraldur kemur. Við gerð áætlunarinnar er m.a. stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs innflúensu. Leikskólastjóri annast verkefnastjórn, uppfærslu og virkjun viðbragðsáætlunar. Viðbragðsáætlun leikskólans er á heimasíðu leikskólans. Upplýsingar um Covid 19 veiruna, útbreiðslu og forvarnir verða sendar heim til allra foreldra barna í leikskólanum og til allra starfsmanna. Deildarstjórar bera ábyrgð á því að reka áróður fyrir persónulegum sóttvörnum starfsfólks og barna, eins og handþvotti, hnerra í pappír eða handakrika. Lögð verður aukin áhersla á þrif t.d. að sápuþvo hurðarhúna, ljósarofa og fleira í þeim dúr.

Ef barn eða starfsmaður veikist af innflúensu er gert ráð fyrir að viðkomandi fari í PCR próf og fari eftir fyrirmælum sóttvarnareglna.

Viðbrögð stjórnanda

Skólastjórnendur leita ráðgjafar hjá Heilsugæslu Skagafjarðar ef þarf. Ef leikskólastjóri veikist mun staðgengill leikskólastjóra taka við starfi hans. Ef hann er einnig fjarverandi tekur deildarstjóri á Hólum við og ef hann er einnig forfallaður þá er það deildarstjóri á Hofsósi sem þá tekur við. Leikskólastjóri getur tekið ákvörðun um lokun leikskólans, annars vegar vegna fyrirmæla frá sóttvarnarlækni og hins vegar vegna mikilla fjarvasta starfsmanna. Ef til lokunar leikskólans kemur þá verður það tilkynnt foreldrum símleiðis. Leikskólastjóri og/eða staðgenglar sjá um þá framkvæmd. Einnig verða settar upp auglýsingar á útidyr, inn á heimasíðu og facebooksíðu leikskólans. Sama ferli fer af stað þegar leikskólinn opnar á ný. Á meðan á lokun stendur verður heimasíðan og facebooksíðan notuð til upplýsingamiðlunar. Einnig verður reynt að

svara tölvupósti sem berst. Netfangið er: trollaborg@skagafjordur.is Leikskólastjóri mun einnig veita upplýsingar í síma 696-3869. Eftir að leikskólinn opnar aftur, verður tekið til við leikskólastarfið samkvæmt ársáætlun. Huga þarf að heilsu og öryggi nemenda og starfsmanna, brugðist verður við sorg og ótta sem býr með mönnum eftir áföll. Viðbragðsáætlunin er á heimasíðu Tröllaborgar, sjá [hér](#).

Lokaorð

Þetta er í fyrsta sinn sem farið er í svona ítarlega áætlun um öryggi og heilbrigði í leikskólanum. Vinnan hefur verið lærdómsrík og mikilvægt að henni sé fylgt vel eftir. Ljóst er að nokkurra úrbóta er þörf hvað varðar ýmislegt og er það verkefni leikskólastjóra og öryggistrúnaðarmanns að fylgja þeim úrbótum úr hlaði með reglulegum fundum og styðjast við þá gátlista sem liggja fyrir. Þetta er fyrsta útgáfa öryggishanbókar og ljóst að sitthvað megi betur fara.

21. janúar 2022

Jóhanna Sveinbj. Traustadóttir

leikskólastjóri